

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 89/2000

frá 27. október 2000

**um breytingu á VII. viðauka (Gagnkvæm viðurkenning á starfsmenntun og hæfi)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) VII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 190/1999 frá 17. desember 1999⁽¹⁾.
- 2) Tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 98/21/EB frá 8. apríl 1998⁽²⁾, 98/63/EB frá 3. september 1998⁽³⁾ og 1999/46/EB frá 21. maí 1999⁽⁴⁾ um breytingu á tilskipun ráðsins 93/16/EBE um að greiða fyrir frjálsum flutningum lækna og um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum þeirra, vottorðum og öðrum vitnisburði um förmlega menntun og hæfi skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 4. lið (tilskipun ráðsins 93/16/EBE) í VII. viðauka við samninginn:

- „- **398 L 0021:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/21/EB frá 8. apríl 1998 (Stjtið. EB L 119, 22.4.1998, bls. 15),
- **398 L 0063:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/63/EB frá 3. september 1998 (Stjtið. EB L 253, 15.9.1998, bls. 24),
- **399 L 0046:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 1999/46/EB frá 21. maí 1999 (Stjtið. EB L 139, 2.6.1999, bls. 25).“

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 119, 22.4.1998, bls. 15.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 253, 15.9.1998, bls. 24.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 139, 2.6.1999, bls. 25.

2. gr.

Texti tilskipana framkvæmdastjórnarinnar 98/21/EB, 98/63/EB og 1999/46/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P. K. Mannes

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.